

Miðvikudaginn 24. september 1952.

Kærumálið nr. 18/1952:

**Jóna Guðmundsdóttir**  
 gegn  
**Sveinbirni Enokssyni.**

Frávísun. Kæra óheimil.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Kristinn Ólafsson, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, og samdómendurnir Sigurgeir Guðmundsson og Þóroddur Hreins-son hafa kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 8. ágúst 1952, sem hingað barst 11. þ. m., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði, kveðnum upp á bæjarþingi Hafnarfjarðar 22. júlí þ. á. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja, en með úrskurði þessum kvað héraðsdómurinn á um öflun nokkurra nýrra gagna í málinu samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936. Krefst sóknaraðili þess aðallega, að greindur úrskurður verði ómerktur, en til vara, að lagt verði á varnaraðilja að svara spurningum nr. 1—3 í úrskurðinum.

Varnaraðili mótmælir varakröfu sóknaraðilja, en kveðst ekki annað hafa að athuga við kærumálskröfu hans.

Hvorki 120. gr. laga nr. 85/1936 né nokkurt annað lagaákvæði heimilar berum orðum að kæra til Hæstaréttar úrskurð héraðsdóms um öflun nýrra sakargagna. Eigi verður slík heimild heldur leidd af neinu lagaákvæði né af almennum laga-rökum. Ber því að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Varnaraðili hefur ekki krafizt kærumálskostnaðar, og fellur hann því niður.

### **Dómsorð:**

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

### **Úrskurður bæjarþings Hafnarfjarðar 22. júlí 1952.**

Í máli þessu þykir á skorta fyllri upplýsingar, meðal annars um eftirfarandi atriði, sem kynnu að hafa þýðingu fyrir úrslit þess:

1. Hver yrði áætlaður kostnaður, ef veggur í suðurhlið á húsi Sveinbjarnar Enoðssonar yrði gerður eldtraustur (brandgafli), og
2. hverja röskun á innréttingu hússins leiddi af því?
3. Leyfa byggingaryfirvöld bæjarins þá breytingu frá samþykktri teikningu?
4. Hvaða áhrif hefði það á notagildi og verðmæti lóðar Jónu Guðmundsdóttur, ef suðurhlið á húsi Sveinbjarnar Enoðssonar fengi að vera áfram með gluggum, eins og nú er?
5. Hvers konar framkvæmdir eða byggingar eru fyrirhugaðar á lóð Jónu Guðmundsdóttur?

Með tilvísun til 120. gr. laga nr. 85/1936 þykir þess vegna rétt, áður en dómur verður felldur í málinu, að gefa aðiljum kost á að afla framan­greindra upplýsinga og gagna svo og hverra þeirra skýrslna, sem til­efni kann að gefast til.

Því úrskurðast:

Aðiljum ber að afla sér framangreindra upplýsinga og gagna til að leggja fram, þegar málið verður tekið upp eftir réttarfrí.

Mánudaginn 29. september 1952.

Nr. 131/1950: **Eigendur v/s Svindlands I** (Sveinbjörn Jónsson)  
 gegn  
**Skipaúitgerð ríkisins** (Egill Sigurgeirsson).

Árekstur skipa. Skaðabætur. Sératkvæði.

### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. október 1950, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. s. m. Krefst áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur fébótaskyldur, *aðallega* að fullu, en *til vara* að hluta eftir mati dómsins, vegna árekstrar þess, er í málinu greinir. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til raka þeirra, er greinir í héraðsdómi um